



Góðar fréttir og slæmar

Þegar boðberar tíðinda segjast bæði vera með góðar fréttir og slæmar velja viðmælendur þeirra yfirleitt að heyra þær slæmu fyrst. Það er nefnilega svo gott að eiga þær góðu inni og enda á jákvæðu nótonum. Slæmu fréttir þessa pistils koma því fyrst. Stangveiðimenn og vel þenkjandi umhverfissinnar telja sjókvíaelði við strendur landsins nánast vera glæpastarfsemi. Það þarf enga geimvísindamenn til að skilja að frjór eldisfiskur af norskum uppruna sem sleppur úr kvíum í sjó getur gert varanlegan usla í íslenskum laxastofnum. Það sanna mýmörg dæmi í Noregi. Ekki virðast varnaðarorð þessa hóps og sérfræðinga, meðal annars frá Hafró og fleiri stofnunum, vera að virka neitt sérstaklega vel í eyru yfirvalda. Gríðarleg uppbygging er framundan í þessari atvinnugrein með stuðningi stjórnvalda og sveitarstjórna í nafni atvinnusköpunar. Þessi eldisfyrirtæki eru í eigu Norðmanna sem hafa séð sér leik á borði og haslað sér völl hér við land eftir að hafa verið úthýst með frekari uppbyggingu í heimalandinu. Leyfisveitingar hér heima virðast vera frekar auðfengnar borið saman við Noreg og kostnaður við slík leyfi aðeins brotabrot af því sem þeir þekkja heiman frá sér. Þannig að þetta steinliggur allt saman; ódýrt, nóg af svæðum til eldis og þeir sem ráða öllu hér heima eru rosa happi að geta útvegð fólkinu í byggðinni atvinnu, bæðevei í atvinnugrein sem hefur farið oftar á hvínandi kúpuna en nokkur maður kærir sig um að muna.

EN góðu fréttirnar eru þær að nú loksins virðast vera að rísa upp öfl sem geta slegist við fjármuni fiskeldisfélaganna og stjórnkerfið í heild sinni. Sumir telja að upphafið á þessari vakningu hafi verið málþing um hættur í sjókvíaelði sem Landssamband stangveiðifélaga LS og Landssamband veiðifélaga LV héldu í samvinnu við RISE fluguveiðihátíðina nú í vor. Ég get ekki annað en tekið undir það. Í undirbúningi eru tvær málshöfðanir málsóknarfélags og veiðirétt-

areiganda undir forystu Jóns Steinars Gunnlaugssonar og er ætlunin meðal annars að krefjast þess fyrir dómi að starfsleyfi fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax verði ógildað. Aðalfundur LS sendi frá sér yfirlýsingu á dögnum og styður LV og málsóknarfélagið heilshugar í baráttunni.

Það eru fleiri góðar fréttir. Okkar ástkæra Hlíðarvatn rétti úr kútnum svo um munaði og tók skellihljajandi á móti okkur í vor eins og ekkert hefði í skorist. Þegar ég gekk niður að Mosatanga að kvöldi 30. apríl fann ég eitthvað liggja í loftinu. Við höfðum nýlokið við að bera viðarvörn á Hlíðarsel og undirritaður var enn í málningargallanum. Af gömlum vana í vorveiði var intermediate línan komin undir og þyngdur Peacock. Sem betur fer var flotlínan í vasanum því vatnið kraumaði. Ég stóð og gapti góða stund, skalf og nötraði meðan ég skipti um línu og setti lítinn Teal & black undir. Þetta var mögnuð kvöldstund.

Heildarafli Ármanna var um 740 fiskar, bleikjur, sjóbirtingar, einn lax og einn áll. Á fundi aðildarfélaga kom fram að heildarafli félagaanna var vel yfir 3000 fiskar. Besta veiðisumarið síðan 2009 og það næstbesta síðan 2001. Engin flundra var skráð í veiðibækur félagaanna, flundrufyrirstaðan er greinilega að skila árangri þó kvikindið sé ekki horfið með öllu úr vatninu.

Framundan er skemmtilegur vetur í Árósum með fjölbreyttri dag-skrá að vanda. Félagsmenn eru hvattir til að vera duglegir að mæta og rækta grasrótina sem er undirstaða okkar frábæra félagskappar.

Árni Þór Sigurðsson
#382

Aðalfundur Landssambands stanga- veiðifélaga var haldinn föstudaginn 17. október 2016 í Árósum

Í skýrslu stjórnar kom meðal annars fram að ellefu bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Stjórn fundaði meðal annars með Orra Vigfússyni, Sigurði Guðjónssyni þáverandi forstjóra Veiðimálastofnunar, og fulltrúum frá Landssambandi fiskeldisstöðva. Formannafundur var haldinn í mars og málþing um hættur sjókvíaeldis í samstarfi við LV og RISE fluguveiðhátíðina í apríl.

Stjórn LS hefur samþykkt að skrifa undir viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og er einnig einn af stofnfélögum verndarfélags Svartár og Suðurár í Bárðardal.

Miklar breytingar voru á skipan stjórnar. Viktor Guðmundsson formaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og sömu sögu var að segja um fimm stjórnarmenn. Nýkjörin stjórn LS er skipuð eftirfarandi mannskap:

Ólafur Finnbogason SVFR formaður

Meðstjórnendur:

Steingrímur Guðmundsson SVFS

Sigurjón Valgeir Hafsteinsson SVFS

Karl Magnús Gunnarsson SVFR

Finnur Traustason SVFA

Eiríkur Stefánsson Ármönnum

Gísli Sigurðsson Ármönnum

Fundurinn sendi frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

„Landssamband Stangaveiðifélaga

Aðalfundur Landsambands Stangaveiðifélaga haldinn 17. október 2016 fordæmir fyrirætlanir sem snúa að eldi á kynbættum laxfiski í sjó og styður heilshugar Landsamband Veiðifélaga og málsóknarfélag gegn eldi í sjókvíum í þeirri baráttu sem framundan er.

Þá hvetur fundurinn stjórnvöld til að koma í veg fyrir sjókvíaeldi við strendur Íslands.“



Stjórn óskar eftir myndefni í blaðið og á nýja heimasíðu sem er í smíðum svo ekki þurfi að birta fleiri myndir af þeim sjálfum. Myndir sendist á armenn@armenn.is

JOAKIM'S
MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖÐLUR
ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651

RAFRAENN ÁRÓÐUR

Nýjum tímum fylgja nýir síðir. Stjórn Ármanna tók ákvörðun um það á síðasta stjórnarfundinum að frá og með áramótum mun Áróður berast félagsmönnum í tölvupósti í stað prentaðs eintaks. Með þessu næst fram viss hagræðing og er hún félaginu til hagsbóta þar sem prent- og sendingarkostnaður hefur farið hækkandi, einnig eru umhverfissjónarmiðum Ármanna gerð betri skil. Æ algengara er einnig orðið að fólk nálgist blöð, tímarit og annað almennt lesefni í gegnum tölvur og síma. Einnhverjum á eflaust eftir að þykja erfitt að hafa ekki málagníð með sér á privatíð í pappírformi en þá bendum við á að hægt verður að prenta blaðið út og njóta þess eftir sem áður.

Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu en vilja ólmir fá blaðið sitt geta komið við í Árósum þar sem einhver eintök munu alltaf liggja uppi við. Nánast alltaf opið á mánudags- og miðvikudagkvöldum og eitthvað skemmtilegt að gerast. Enn sem áður mun þó veiðileyfaumsóknablaðið verða prentað og sent til allra félagsmanna. Með von um góðar viðtökur.

Stjórn Ármanna.

Veiðisögusamkeppnin

Í haust efndu Ármenn til veiðisagnasamkeppni og var ákveðið að veita verðlaun fyrir bestu sögunnar. Við ákváðum að beygja okkur aðeins frá einu reglu keppinnar en hún var sú að sagan/frásögnin þyrfti að gerast á einhverju veiðisvæða Ármana. Einnig sögðumst við ætla að birta sögunnar í veiðileyfblaði Ármana og vikum við einnig frá því þar sem að við gátum hreinlega ekki beðið. Frásögnin sem var kosin best birtist hér í þessu blaði og er það Þorgeir Ólafsson, félagi númer 829 sem fór í ónefnda á og lenti í miklum hremmingum.

Hann hlýtur í vinning árgjald í Ármenn fyrir árið 2017. Snúum okkur nú að því sem hann hefur frá að segja.



Um púkann á öxlinni og slysfarir fiska

Lífgunartilraunum lokið

Í sumar bauð góður vinur mér að veiða í fallettri ónefndri á þar sem umsjónarmenn trúá á framhaldslíf fiska sem hafa verið dregnir upp á land og aftur út í á. Þrátt fyrir vantrú á veiðiaðferðinni þáði ég þetta góða boð með þökkum enda höfðu ýmsar annir staðið veiðiskap mínum fyrir þrifum og hugur og hönd hrópuðu á adrenalín við árbakka. Mér þótti það reyndar undarleg tilhugsun að koma fisklaus heim en hugsaði sem svo að það yrði hugsanlega einhver ráð til þess að verða sér út um einn í soðið.

Væri ég forlagatrúar eða tryði á æðri máttarvöld hefði ég sagt að þau hefðu ákveðið að stríða mér fyrir vantrúna á „veiða og sleppa“ aðferðinni því mér gekk ágætlega og veiddi nokkra fallega nýgengna laxa. Allt voru það hængur af ýmsum stærðum og af þeim var yfirdrifið nóg til að frjóvga öll þau hrogn sem hrygnurnar gefa af sér, svo það var með trega að ég sleppti þeim aftur í ána. Það vaknaði í mér fiskeðlisfræðingurinn þarna við árbakkann því ég þóttist geta ráðið það af hegðunarmynstri laxanna að þeir stökkva alltaf á sömu stöðum, gjarna þar sem helst er veiðivon og í í grennd við hrygningarstaði. Þess vegna er það kenning mín að laxar stökkva á flótta undan öðrum lóxum í slagnum um hrygnurnar. Þeir eru hvorki að æfa flugsund né hrista af sér lús heldur að iðka þá list skynugra skepna að bjarga sér á flótta.

Eins og fyrr segir þá er ég ekki mikið fyrir að sleppa fiski og þess vegna ferst mér það ennþá frekar óhönduglega en ég geri mitt besta við að fara að fyrirmælum. Bubbi Morthens telur það glæp að halda á fiskinum án hanska því hann brenni við það. Bubbi hefur komist svo langt í græjuvæðingunni að verða sér úti um hanska sem ekki sjást á myndum, að minnsta kosti ekki þeim sem hann birti í sumar þegar hann setti í þrjá stóra laxa fyrir norðan. Ég var hanskalaus við veiðina og þegar ég dró fiska á land þá komst það eitt að í huga mér að snerta þá sem minnst. Sumir laxarnir voru svo skynsamir að losa fluguna úr sér án minnar aðkomu og þeim mjakaði ég mjúklega í vatnið aftur. Aðrir voru ekki eins snjallir og urðu fyrir klaufalegum tilburðum mínum við að losa fluguna, stilla upp fyrir myndatöku, sem tók alltaf drjúgan tíma með hendurnar blautar og með símann alltaf í vitlausum vasa, og koma til lífs í ánni.

Mig minnir þetta hafi verið á annarri vaktinni, að morgni dags við afar fallegan og gjöfulegan hyl. Fiskurinn var um 65 cm, nýgenginn hængur og tregur við að fara á land eins og eðli hans býður. Að lokum dró ég hann upp á árbakkann og upphófst þá þetta venjulega

fum og fát við að taka mynd, losa fluguna úr kjaftinum og koma fiskinum aftur út í ána. Ekki gat ég mismunað honum út í vatnið án þess að nota til þess hendurnar og það varð að gerast hratt því fiskurinn var nú þegar búinn að vera allt of lengi á þurru landi (síminn í kolvitlausum vasa!). Svo það varð úr að ég renndi annari hendi undir kviðinn og tók lauslega um styrtluna og hljóp með fiskinn að ánni. Þessir loftfimleikar hleyptu lífi í skepnuna sem tók mikinn kipp og steypist við það úr höndum mér beint á hausinn í grýttan bakkann. Ég greip fiskinn hvar hann lá og öslaði út í ána. En þá var ekkert líf í honum. Þrátt fyrir blíðlegar strokur og innstæðulaus loforð um eilíft líf í ánni með fögrum hrygnum þá lét hann ekki segjast heldur lá hreyfingarlaus í höndum mér. Á þessu gekk um nokkra hrið, ég strauk og hristi fiskinn á meðan púkinn á öxlinni á mér þrástagslaust á því að þetta væri algjör vitleysa, tapað spil og ég ætti að fara heim með fiskinn og éta hann. En ég hlustaði ekki á það og hélt áfram lífgunartilraunum dagóða stund þar til það rann upp fyrir mér að púkinn hafði rétt fyrir sér: Fiskurinn var dauður, hann dauðrotaðist við fallið, lést af slysförum! Og ég fékk fisk í soðið.

Þorgeir Ólafsson, Ármaður nr. 829



Vetrardagskrá í Árósum

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22

Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Ef ekkert er á dagskrá þá er kaffi á könnunni og maður er manns gaman.

Auglýstir viðburðir

- 7. Nóv Skegg og skott
- 14. Nóv Skegg og skott - Straumflugur
- 23. Nóv Græjukynning – Árvík (happdrætti og tilboð)
- 30. Nóv Veiðisvæðakynning - Fossá í Þjórsárdal
- 5. Des Skegg og skott – Léttar púpur og gamlar votflugur
- 7. Des Aðventukvöld – Úlfar Finnbjörnsson - Villibráðarbókin
- 9. Jan Skegg og skott - Kúlupúpur
- 13. Jan Veiðileyfaskil
- 21. Jan Þorablót
- 23. Jan Skegg og skott og veiðileyfaafhending
- 1. Mar Viðhaldskvöld - vöðlur, línur, stangir og hjól.
- 8. Mar Aðalfundur
- 5. Apr Flóamarkaður
- 22. Apr Vorblót - fjölskylduskemmtun
- 29.-30. Apr Hreinsunarhelgi við Hlíðarvatn

Ýmislegt fleira er í deiglunni í vetur.
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í
Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesi 4
603 Akureyri

ARMENN
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is